



Sigurðis Haraldsdóttir, Óskar Einarsson og Þórarinn Guðnason.



Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra ávarpar fundinn.

Aðalfundur LÍ 2007



Jóhannes Björnsson og Birna Jónsdóttir, hinn nýji formaður LÍ.

Læknafélag Íslands hélt aðalfund sinn dagana 28. og 29. september í húsnæði sínu við Hlíðasmára í Kópavogi. Var fundurinn vel sóttur og fór fram með góðum skikk. Að venju birtir Læknablaðið þær ályktanir sem fundurinn sendi frá sér.

Hefðbundin aðalfundarstörf fólu í sér lestur skýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlunar, auk annarra viðfangsefna sem LÍ hefur á sinni könnu og gerir skil við þetta tækifæri. Nýr heilbrigðisráðherra ávarpaði fundinn í upphafi og sperrtu menn eyrun við boðskap hans. Á fundinum gekk úr stjórn Sigurbjörn Sveinsson sem stýrt hefur félaginu í 8 ár og setið alls 13 ár í stjórn. Nýr formaður, Birna Jónsdóttir röntgenlæknir sem áður var gjaldkeri félagsins, tók við og var vel fagnað enda fyrsta konan í formannsstóli LÍ. Nýr maður í stjórn er Kristján G. Guðmundsson heimilislæknir.

Það eftirminnilegasta af aðalfundi 2007 að öðrum liðum ólöstuðum var tvímælaust heimsókn formanns suður-afríska læknafélagsins, Kgosi Letlape, en hann er jafnframt fráfarandi forseti Alþjóðafélags lækna, World Medical

Association. Hann ávarpaði fundinn í Hlíðasmára og seinni aðalfundardaginn var haldið málþing í Óskju í Vatnsmýrinni þar sem vandi heilbrigðiskerfa þróunarlanda var gerður að umtalsefni og Letlape hélt aðalerindið þar. Bæði er maðurinn afar mælskur og skýr en ekki minnst er sú veröld sem hann brá ljósi á svo mögnuð og margslungin að vér aumar dekursálir á fróni vorum skekin. Lýsing hans á heimalandi sínu og aðstæðum þar voru nístandi, þar fær orðið allsleysi fullkomlega nýja merkingu, og vandamál hinnar afrísku álflu er af öðrum toga en við þekkjum. Hann ákallaði samkennd okkar og mennsku og benti góðlátlega á að okkar vellíðan og hagsæld hefði ekki alla daga sem guð hefði gefið mælst jafnmikil og árið 2007, ef við litum um öxl gætum við séð að okkur hefði líka verið komið til bjargar á umliðnum öldum og fram á þennan dag. Án tilstyrks annarra og stuðnings hefðum við sennilega hvorki komist lönd né strönd. Þetta mættum við hugleiða áður en við létum af hendi rakna okkar tillegg til Afríku sem er móðir svo margra og ólíkra barna.

**Védís
Skarphéðins-
dóttir**



Gestur aðalfundarins Kgosi Letlape formaður suður-afrískra læknafélagsins og Jón Snædal.



Tvöburasysturnar Ósk kvensjúkdómalæknir og Brynhildur augnlæknir, Ingvarsdætur.

Ályktanir aðalfundar 2007

Á aðalfundi Læknafélags Íslands voru gerðar eftirfarandi ályktanir, um forsendur þeirra má lesa á heimasíðu félagsins.

■ ■ Ályktun vegna síðbúinnar breytingar á því frumvarpi sem varð að nýjum heilbrigðislögum nr. 40/2007.

Niðurstaða:

Aðalfundur Læknafélags Íslands í Kópavogi dagana 28. og 29. september 2007, skorar á heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir því að ákvæði 8. gr. laga nr. 40/2007 verði breytt á þann hátt að engar kvaðir verði settar á einkaaðila sem gera samninga við ríkið um veitingu heilbrigðisþjónustu um hvernig þeir skuli haga stjórnskipulagi sínu.

■ ■ Ályktun um gildissvið sjúkratrygginga og umboðsmann sjúklinga.

Niðurstaða 1:

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007, hvetur heilbrigðisráðherra til að skilgreina sem fyrst innihald hinnar opinberu sjúkratryggingar á Íslandi, svo enginn vafi leiki á því hvaða réttindi hún veitir þegnumum og hver ekki.

Niðurstaða 2:

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007, skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga sem gæti réttinda sjúklinga gagnvart stjórnvöldum í heilbrigðis og tryggingamálum. Hann hafi eftirlit með að lög um almannatryggingar tryggji á hverjum tíma rétt hinna sjúkratryggðu, að jafnræði sé í heiðri haft í heilbrigðis- og tryggingakerfinu og að yfirvöld vinni í samræmi við lög og vandaða stjórnsýslu-hætti. Umboðsmaður bendi einnig á misfellur í heilbrigðis og tryggingakerfinu og segi fyrir um

úrþætur og leiðréttingar af hálfu viðkomandi yfirvalda þegar við á.

■ ■ Ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands 2007 um lækningaminjasafn.

Niðurstaða:

Það er niðurstaða aðalfundar Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi dagana 28. og 29. september 2007 að staðfesta fyrir sitt leyti samning þann, sem liggur fyrir fundinum og formaður félagsins gerði við menntamálaráðherra, Seltjarnarnesbæ, Þjóðminjasafn Íslands og Læknafélag Reykjavíkur þann 27. september s.l. með fyrirvara um samþykki aðalfundar Læknafélags Íslands.

■ ■ Ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands um þróunarastöð.

Niðurstaða:

Aðalfundur Læknafélags Íslands í Kópavogi dagana 28. og 29. september 2007, felur stjórn félagsins að móta stefnu um stuðning við störf íslenskra lækna og læknanema í þróunarlöndum.

■ ■ Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Reykjavík dagana 28.-29. september 2007 ályktar að fela stjórn LÍ að falast eftir þátttöku félagsins í sendinefnd Íslands hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO).

■ ■ Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007 hvetur yfirvöld heilbrigðis- og menntamála til að hraða byggingaráföngum Landspítala og heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands svo bæta megi sem fyrst starfsemi spítalans og aðstöðu fyrir sjúklinga

■ ■ Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007 hvetur heilbrigðisyfirvöld til að kanna kosti fjölbreyttari rekstarforma á þeirri starfsemi sem fer fram á Landspítala.

■ ■ Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 28.-29. september 2007 hvetur heilbrigðisráðherra til þess að auka áhrif yfirlækna í stjórnun lækninga á Landspítala og að tryggja að beitt sé málefnalegum sjónarmiðum við ráðningu yfirmanna lækninga á sjúkrahúsinu eins og lög kveða á um.

Í núverandi skipulagi Landspítala hafa áhrif lögskipaðra yfirlækna sérgreina verið rýrð með óheimilli tilfærslu verkfæra þeirra til annarra stjórnenda, sem valdir hafa verið með ógagnsæjum hætti. Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað ítarlega um þennan vanda og í greinargerð með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu er tekið undir sjónarmið umboðsmanns og hnykk á mikilvægi yfirlæknisábyrgðar.

Afar mikilvægt er, að ákvörðunarvald yfirlækna sérgreina verði aukið með þeim hætti, að fjárhagsleg ábyrgð, ráðningarvald og lögbundin fagleg ábyrgð fari saman í rekstri sérgreina. Samþætting faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar myndi bæta stjórnun og auðvelda ákvarðanir með aukinni dreifistýringu og minnkaðri yfirbyggingu stjórnkerfis. Þá er afar þýðingarmikið, að allir yfirmenn lækninga verði ráðnir með gagnsæjum hætti byggt á málefnalegum forsendum.

■ ■ Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007 felur stjórn félagsins að koma með tillögum fyrir næsta aðalfund þess um skilgreinda aðild læknanema að Læknafélagi Íslands.